

# Svör um musterið

## Hvernig er musterið að innanverðu?



Musterið er hús Drottins. Það er hreint og fallegt hið innra. Allir klæðast hvítu og reyna að sýna lotningu. Það er friðsæll staður til að tilbiðja Guð, læra og finna kærleika frelsarans fyrir tilstuðlan heilags anda.



## Hvað gerir fólk inni í musterinu?

Í musterinu lærum við um áætlun Guðs og gerum **sáttmála** við hann. Við gerum það með því að taka þátt í **helgiathöfnum** eins og skírnum, staðfestingum og að innsiglast fjölskyldu okkar.



## Hvernig klæðist ég þegar ég fer í musterið?



Þið ættuð að klæðast sparifötunum ykkar þegar þið farið til musterisins. Þegar þið eruð komin þangað inn munið þið skipta um og fara í sérstök föt til að gera helgiathafnir. Fyrir skírnir, munu starfsmenn musterisins láta ykkur fá hvíta samfestinga til að klæðast.

MYNDSKREYTING: SIMINI BLOCKER



## Hvaða felst í því að gera skírnir fyrir dána?

Í musterinu getum við látið skírast fyrir fólk sem hefur dáið án þess að hafa skírst. Þið klæðist hvítu og ykkur verður dýft í (alla leið í kaf) vatnið.



## Hvað eru musterismeðmæli?



Musterismeðmæli er pappírssnepill sem leyfir ykkur að fara í musterið. Hægt er að hljóta þau frá meðlimi biskupsráðs eða greinarráðs. Hann mun spyrja ykkur hvort þið haldið boðorðin og hvort þið hafið vitnisburð. Ef þið eruð verðug og tilbúin að fara í musterið, mun hann veita ykkur musterismeðmæli.

## HVAÐ ER HELGIATHÖFN PRESTDÆMISINS?

Prestdæmisathöfn er heilagur viðburður sem er framkvæmdur með valdi og krafti Guðs. Skírn, staðfesting og sakramentið eru helgiathafnir sem gerast utan musterisins. Musterisskírnir, musterisgjöf og innsiglanir eru helgiathafnir sem gerast innan musterisins.






## HVAÐ ER SÁTTMÁLI?

Sáttmáli er tvíhliða loforð sem við gerum við Drottinn. Við lofum honum vissum hlutum og hann lofar að vera með okkur og blessa okkur.